


ÞAÐ í fornu máli – og síðar

1. það í nútímamáli

- (1) *Náttúrufarssetningar (dæmi úr ÍS-TAL):*
 - a. Það var svo kalt þannig að flestir komu bara strax heim.
 - b. Það er bara eiginlega bjart bara alveg til tíu.
 - c. Já hann er dálítið lengi að ná sér stundum ef það er kalt.
- (2) *Aðrar ópersónulegar setningar (dæmi úr ÍS-TAL):*
 - a. ... af því að það má ekki skila fyrr en á miðvikudaginn.
 - b. Það þarf svolitla hæfileika til að gera þetta.
 - c. Nei Helgi það er búið að segja nei við þig.
 - d. ... að það hefur bara vantað svo mikið börn til þess að ættleiða.
- (3) *Ópersónuleg þolmynd (dæmi úr ÍS-TAL):*
 - a. Það var verið að kynna fullt af nýju drasli sem að maður þekkir ekki.
 - b. Já en það er haldið uppi standard.
 - c. Allt í einu birtist þessi jálkur þarna og það er bara flautað á okkur.
 - d. Það var hlegið og hlegið og svo kom limman.
- (4) *Tilvistarsetningar (dæmi úr ÍS-TAL):*
 - a. Það var fullt af börnum þarna.
 - b. Það var komin ný lifrarkæfa á markaðinn sem er svona léttreykt.
 - c. Hann segir að það sé ekki til nein miðferð í því það er bara hægferð eða hraðferð.
 - d. Það er ábót til.
- (5) Aukafrumlag þetta er venjul. aðeins notað, þegar hið eiginlega frumlag er óákveðið (án greinis) og helzt með sögnum, er merkja veru eða hreyfingu. Er þá aukafrumlagið fremst, þá sögnin og loks hið eiginlega frumlag (Jakob Jóh. Smári (1920:18-19).
- (6) *Setningar með áhrifssögnum:*
 - a. Það hefur einhver borðað allan grautinn minn.
 - b. Það getur enginn svarað þessu.
 - c. Það stungu einhverjir stúdentar smjörinu í vasann.
 - d. Það keypti hann eitthvert fífl.
- (7) Það kemur fyrir, að aukafrumlag sé notað, þótt hið eiginlega frumlag sé ákveðið af greini [...] (Jakob Jóh. Smári (1920:19).

- (8) *Setningar með ákveðnu frumlagi (dæmi úr ÍS-TAL):*
- (svo sætir þessir bollar) Já en **það** var ekki til **rjómakannan** þannig að ég bíð eftir að hún komi
 - ef **það** er **priðja kryddið** í þessu þegar þú hættir að hræra þá togast aðeins aftur sko snúningurinn í vökvanum hættir
- (9) *Fráfærslusetningar (dæmi úr ÍS-TAL):*
- Það** var voða gaman **að** fara á þessa sýningu.
 - Það** er ekki hægt **að** gera neitt vitlaust.
 - Það** hefur hvarflað að mér **að** bjóða Sigurði í mat.
 - ... því **það** skiptir engu máli **hvað** það er það er allt til.
 - Það** getur verið **að** þetta sé sonur hans.
 - ... að **það** var dálítið erfitt **að** finna út sko réttu litina.
- (10) a. **Það** var merkilegt **að** enginn skyldi taka eftir þessu.
 b. **Það að** enginn skyldi taka eftir þessu var merkilegt.
 c. Merkilegt var **það að** enginn skyldi taka eftir þessu.
- (11) a. **Það** var einn dag **að** flestir voru að heiman.
 b. ***Það að** flestir voru að heiman var einn dag.
 c. ??Einn dag var **það að** flestir voru að heiman.
- (12) In English, Icelandic, and many other languages, there are rules which move clauses to the right, and a pronoun shows up at the place where the clause originated. We have argued that in some cases this pronoun is a dummy, inserted into an NP-slot vacated by the clause, but in others it is base generated in place (Höskuldur Þráinsson 1979:243).
- (13) a. [NP ___] V ==> [NP það] V
- b.
- 
- ```

graph TD
 NP --> N[það]
 NP --> S

```
- (14) *það með öðrum aukasetningum en að-setningum (dæmi úr ÍS-TAL):*
- Það** er svo sjaldan **sem að** við erum heima um páska.
  - Það** er bara martröð **þegar** þú ert að tala við mig þegar þú ert að leiðrétta mig.
  - Ég held að **það** sé voðalega gott **ef** menn finna sér bara einhverja trú sama hver hún er.
  - Það** er svo fallett **ef** maður keyrir suður í myrkri og það er heiðskírt að sjá ljósín uppi í Skálafelli

## 2. það í fornu máli

- (15) [...] Old Norse [...] lacks [...] expletives. In the concordance of the Old Icelandic saga texts now produced at the University of Iceland there are 10,255 tokens of the word *þat*; of those there is not one expletive subject (Þráinsson 1989). (Faarlund 1990:105).

- (16) The fact that the expletive subject is absent even in those contexts where it is more or less obligatory in the descendent language provides rather strong evidence against its existence in Old Norse (Faarlund 1990:17).
- (17) *The principle of “missed opportunities”* (Faarlund 1990:88-89):  
 [I]f [a certain syntactic construction] is not used [in Old Norse texts] in cases where it would be natural for a speaker of modern Norwegian to use it, or where the translations of Old Norse texts into modern Norwegian use it, we have reason to assume that it does not exist as a possibility.
- (18) a. Bjarni hét maður. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1398)  
 b. Det var ein mann som heitte Bjarne.  
 c. Það var einu sinni maður sem hét Bjarni.
- (19) *Fráfærslusetningar:*
- a. Það var eitt haust að þar var gildi fjölmennt ... (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 373)  
 b. Það var snemma spáð að eg mundi verða allra manna elstur. (*Bandamanna saga*, s. 43)  
 c. En það er dagsanna að faðir minn þarf ekki að skipa mér aðrar staðfestur en þá er mér var í fyrstu ætluð. (*Íslendinga saga*, s. 437)  
 d. Það er nú að segja þessu næst að Oddur Þórarinsson kom til móts við Gissur og bundu nú félagsskap sinn. (*Íslendinga saga*, s. 652)  
 e. Til þessar vistar væri eg fúsastur en það hefir orðið stundum að mein hefir þótt að hrossum mínum í búfjárhögum. (*Víga-Glúms saga*, s. 1923)  
 f. Það má vera að svo færi mér ef eg væri höfðingi að mér þætti illt að deila við Hrafnkel. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1406)  
 g. Það hefir jafnan verið mál manna að Erlingur hafi göfgastur allra lendra manna verið í Noregi. (*Ólafs saga helga*, s. 269)
- (20) The word *þat* is here base generated as the head of the phrase, and is thus not an expletive word at this point. This is shown by the fact that it may also immediately precede the clause [...], and that it may be the head of a subordinate clause which is not a subject (Faarlund 1990:72).
- (21) *Fráfærslusetningar með það á eftir sögn:*
- a. Er það gaman mitt helst að tala við vitra menn. (*Bandamanna saga*, s. 38)  
 b. Og einn tíma eftir miðjan vetur var það einn morgun að húsfreyja fór til fjóss að mjólka kýr eftir tíma. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1007)  
 c. var það mál manna að hvortveggja þótti vaxa af þessum tengdum. (*Eyrbyggja saga*, s. 570)  
 d. Var það þá sumra manna mál að Arnviður jarl mundi setja menn sína til að drepa menn konungsins en hafa féið að færa jarlinum. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 477)

- (22) *Setningar þar sem það stendur með að-setningunni:*
- Einu hverju sinni var **það að** þeir bræður úr Sandgili voru undir Þríhyrningi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 193)
  - Og eina nótt var **það að** hann stóð upp, tók öxi í hönd sér og gekk út. (*Flóamanna saga*, s. 737)
  - Satt var **það að** Þorkell hákur var mér skyldur en eigi þér enda skal eg og fara. (*Ljósvetninga saga*, s. 1700)
  - Vorkunn var **það að** þér mislíkaði þeirra umræða. (*Fóstbræðra saga*, s. 839)
- (23) *Det* clearly has the function of an introduction marker, not only of a clause with a non-topical subject, but of a whole story. [...] I will not speculate here on when and why *det* was introduced as an introduction marker, [...], but the examples in [(24)] give at least a hint of why the pronoun *det* is chosen. [...]. From a function as a pure introductory element, it is not a large step to a more broad function of signaling a non-topical subject (Falk 1993:256-257).
- (24) a. Thz sagdhe en magister aff enom stadh som thucia hetir at en brodhir ... (*Falk 1993:256*)
- b. Thz timde j eno lande som marchia hetir En jomfru war ther hulkin ... (*Falk 1993:256*)
- (25) a. **Það** var einn dag **er** Oddur sat yfir mat og Óspakur gegnt honum. (*Bandamanna saga*, s. 30)
- b. **Það** var einn dag **er** Gunnar gekk frá Lögbergi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 160)
- c. **Það** var einn dag **er** Egill gekk úti með vegg og drap fæti og féll. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 515)
- d. **Það** var einn dag **er** þeir fóstbræður bjuggust til að sækja uxann ef þeim fengist hinn þriðji maðurinn til liðs. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1030)
- e. **Það** var eitt vor **er** Þorvaldur fór til Arnarfjarðar með fjölmenni. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 236)
- f. **Það** var eitt sumar **er** Agni konungur fór með her sinn á Finnland, gekk þar upp og herjaði. (*Ynglinga saga*, s. 21)
- (26) a. Og einn dag var **það er** Kormákur gekk um stræti. (*Kormáks saga*, s. 1507)
- b. Tóku þeir til að berjast milli miðaftans og náttmála en eftir sólarfall var **það er** flóttinn brast. (*Porgils saga skarða*, s. 706)
- (27) a. Það er kallað að af jörðu sé allt til hins efsta himins, hundrað þúsunda mílna og þrjú hundrað og hálfur níundi tögur mílna (*Eiríks saga víðförla*, lok 14. aldar)
- b. En það er stundum að guð hirtir hjörtu manna með föðurligum bardaga (*Leifar fornra kristinna fræða; AM 677 4to*)
- c. Því að það er sæligra að gefa en að þiggja. (*Páls saga postula I*)
- d. Þær voru allar svo vænar og elskuligar að það lysti alla að horfa á þær (*Dínus saga drambláta*)
- e. Um þetta kvikendi mælir heilög ritning, að það skal eigi undra þótt það svelgi allan strauminn (*Duggals leiðsla*, mið 15. öld)

- (28) The use of ‘it’ as an expletive in existential sentences appears in Dano-Norwegian during the fifteenth century [...]. [...] This word is the most unmarked and semantically nonspecified nominal. Thus it could also have a loose connection with the antecedent, and like any other pronoun it could appear as a clitic to the right of the finite verb.

The use of ‘it’ in existential sentences might have been reinforced by its use in extraposition constructions, where it was originally an anticipating pronoun referring to the sentential argument. In Old Norse such a pronoun was already very common in extraposition constructions. [...] As the requirement for a lexically filled subject position became stronger, and eventually absolute, the anticipating *þat* was reanalysed as an expletive subject (Faarlund 1990:71-72).

- (29) In Old Swedish, we have seen a very restricted, functionally determined use of expletive *det* in principle only as an introductory, presentational item. In Early Modern Swedish, this use is extended to include clauses with non-topical subjects in general. The use of *það/es* in Icelandic and German can now be interpreted as a further extension, a step from “a non-topical subject” to “no topical subject”; the latter includes impersonal passives as well (Falk 1993:259).

### 3. Elstu öruggu dæmi um merkingarsnauð það

- (30) a. Það var einn mann í Englandi sem fleiri aðrir, þó frá þessum verði nú sagt heldur en öðrum, er tók í sinn vanda að gera óvinum sínum og nágrönnum sínum gestaboð á hverjum jólum (*Miðaldaævintýri, um 1500*)  
b. Það er nú sagt af einum ríkum manni og mikilhæfum og nökkud framferðugur til veraldliga hluta (*Miðaldaævintýri, um 1500*)  
c. En þeir höfðu ekki trúað að það mundi koma svoddan hefnd eftir (*Jarteiknabók Christian Pedersen, f.hl. 16. aldar*)

- (31) [...] topic *det* is found already in Old Swedish. Topic *det* is used with some frequency in two of the Old Swedish texts investigated [...]. Both texts are collections of short stories about miracles and omens. Almost throughout, *det* is used in presentational constructions, as an introduction to a new story, where the principal character of the story is presented. The verb is always *vara* ‘be’, and the NP is often completed by a relative clause, as in ([32]) [...] (Falk 1993:255-256).

- (32) Thz war een iomfru som altidh plæghadhe gerna danza (*Falk 1993:256*)

- (33) *Dæmi úr Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar:*

- a. Það verður fínt veður því að himinroði er.  
b. Og þá er kveld var komið, af því það var aðfangadagur  
c. Og það var aðfangadagur og þvottdagurinn tók að hefjast.  
d. Það er þvottdagur.  
e. Elías var maður líka svo sem vér, og hann bað bænir að það skyldi eigi rigna, og það rigndi ekki yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði.  
f. Og þá hann kom þangað að, fann hann ekkert nema laufblöðin því að það var eigi fíknanna tími kominn.  
g. Segið þér eigi sjálfir að það eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartíma?

- (34) The development of German *es* [...] confirms the proposed scenario. [...] Already in Old High German, *es* [...] occasionally occurs in the first position of clauses with a non-topical subject. In impersonal passives, *es* is not found at all. In Middle High German, initial *es* has become obligatory in clauses with a non-topical subject and it also occurs frequently in impersonal passives. [...] The change we see between Old High German and Middle High German can be interpreted in terms of a new function of *es*: it is no longer used only to signal non-topical subjects but to signal clauses without a topical subject (Falk 1993:259-260).
- (35) A similar investigation of the history of Icelandic *það* would be interesting. If the development resembles the Swedish and German one, we would expect *það* to occur first in main clauses with non-topical subjects. Its function of signaling the absence of a topical subject and its status as an  $\Gamma^0$ -adjoined head should be later developments. However, to the best of my knowledge, no such investigation exists (Falk 1993:260).
- (36) *Dæmi frá 17. öld:*
- Það voru tíu ár, þau höfðu saman verið. (17f-2)
  - Við henni átti hann öll sín börn sex syni og tvær dætur víslega, sem til fulls aldurs komust. Það var einn Oddur Salómonsson, Jón Sigurður, Bjarni, Magnús, Þormóður var yngstur, stærstur og sterkastur. (17s-3)
  - Það er greint að þau hafi lagt ástir saman, Árnaður og hún, og hvort annað heimsótt. (17s-8)
  - Það er greint að einn dag hafi allt fólkið farið til hrísrifs, en hún var ein eftir heima og setti sig uppá rúm sitt. (17s-8)
- (37) *Dæmi frá 18. öld:*
- Við Ingólfshöfða í Hofspingssókn í Örafum; er helst róið til fiska, þá sjórin er stillinn og vesturátt er, því það er þá lítið hlé við höfðann. (18f-3)
  - Hér á vestursveitum varð það svo mikið, að vel sáust för, og þá hvessti sást það skafa fram af hæðunum sandinn (18f-1)
  - Það sló að mér felmtri við þetta svar (Klím)
  - Það skrifast að þar hafi mikið manntjón orðið ár 1573, hafi druknað 53 menn. (18f-3)
  - Hann brá sér til, plokkaði upp einhverja urt, og lagði uppá sár mitt. Það tók óðara verkinn burt, og dró úr bólguna. (Klím)

#### 4. Breytingaskeið á 19. öld

- (38) *Dæmi frá fyrri hluta 19. aldar:*
- Slæmt er nú ekki að geta orðið við bón þinni, en það tjáir ekki um það að tala, því soddann Patientar eru með öllu ólæknandi (BrPét)
  - Slæmt þykir mér að heyra ævisögu þína einkum það að Musa þína er sáluð, ég trúi ekki að það sé ekki einhver lífsandi eftir í henni enn (BrPét)
  - Töflurnar hans Ursíns míns eru farnar að mást, segir hann, og hann er hræddur um, að það muni þurfa að skíra þær upp. (BrPét)
  - Magurt þótti mér ljónið vera Jónas minn í dýragarðinum í Lundúnaborg, það var orðið eins lúalegt á því hárið og á honum Finni mínum. (BrPét)
  - Það var fundur í bókmenntafélaginu í fyrradag. (BrPét)

- f. og svo skal ég segja okkur, að það yrði að koma þér í álit hjá Rentukammerinu, og hvað veit hvað það kann að gjöra á síðan. (*BrPét*)
- g. Það stendur að sönnu skrifað á dálitlum seðli. (*BrPét*)
- h. Það þurfti að skíra töflurnar. (*BrPét*)
- i. Það eru ekki neinar nýlundur að skrifa héðan, sem merkilegar sé. (*BrPét*)
- j. Það er annars ekki þessi virði púltið, sem flutningurinn á því kostar (*BrPét*)
- k. og það sýnir líka best raun vitni um (*BrPét*)
- l. en það ætlast ég til, að þú það fyrsta sundið er fært, fáir þig lausan snöggvast (*19f-1*)
- m. Þú þekktir, að það var ei svo gott að ráða við hana. (*19f-2*)
- n. Nú vonast Jón Einarsson eftir að verða hreppstjóri, og mátt þú trúna, að það eru á honum vangaveltur núna. (*19f-2*)
- o. Það er of langt að skrifa þær hér allar, það er nóg, ef ég kem með eina, sem hann gerði um Mde Elínu, þegar hún datt úr stiganum í fyrra. (*19f-2*)
- p. en sjávar gangur hefur að mestu plássið brotið, svo það er ómögulegt það að mæla (*19f-3*)
- q. Það var heldur ekki annars kostur en að læðast um nótt (*19f-4*)
- r. Það gengur ei svo gleðilega út fyrir mér, þegar ég fer að hugsa til að gifta mig. (*19f-6*)
- s. Hún sagði þá strax, það þarf ekki að gefa því svar, hann gefi ekkert um sig. (*19f-6*)
- t. Það er hætt einu auganu nema vel fari, þó lakara væri en Didda mín er. (*19f-6*)

(39) [...] það-innskot er komið inn í mál nokkurra bréfitara sem eru fæddir um 1730 [...]. Tíðni leppsins verður aftur á móti ekki veruleg fyrr en í máli þeirra sem eru fæddir eftir 1800 (1810-1830). Þróun breytingarinnar fylgir nokkurn veginn S-laga mynstri [...] (Þorbjörg Hróarsdóttir 1995).

(40) *Tíðni það-innskots í bréfum (Þorbjörg Hróarsdóttir 1995)*

|           | 1.<br>1730-1750 | 2.<br>1750-1770 | 3.<br>1770-1790 | 4.<br>1790-1810 | 5.<br>1810-1830 | 6.<br>1830-1850 | 7.<br>1850-1870 |
|-----------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Aðalsetn. | 1               | 0               | 3               | 4               | 15              | 15              | 13              |
| Aukasetn  | 2               | 0               | 2               | 1               | 5               | 3               | 4               |
| Alls      | 3               | 0               | 5               | 5               | 20              | 18              | 17              |

(41) [...] tíðni það-innskots er mun lægri í aukasetningum en aðalsetningum [...]. það-innskot í tilvistarsetningum og ópersónulegum setningum hefur [...] frá upphafi og út allt tímabilið sem var athugað langmesta tíðni allra tegunda (Þorbjörg Hróarsdóttir 1995).

(42) *Dæmi um það-innskot skipt eftir tegundum (Þorbjörg Hróarsdóttir 1995)*

|                    | 1.<br>1730-1750 | 2.<br>1750-1770 | 3.<br>1770-1790 | 4.<br>1790-1810 | 5.<br>1810-1830 | 6.<br>1830-1850 | 7.<br>1850-1870 |
|--------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| tilvistarsetningar | 2               | 0               | 2               | 3               | 16              | 9               | 9               |
| ópers. setningar   | 0               | 0               | 3               | 1               | 4               | 7               | 7               |
| ópers. þolmynd     | 1               | 0               | 0               | 1               | 0               | 1               | 1               |
| aðrar              | 0               | 0               | 0               | 0               | 0               | 1               | 0               |

## 5. Það orðið fast í sessi

- (43) *Dæmi úr Manni og konu og Mannamun, frá 3. fjórðungi 19. aldar:*
- Það er logn og blíða og rennihjarn.
  - Það veitir ekki af að búa vel að hálsinum á sér í hörkunum.
  - Það er margt undarlegt, sem við ber, ég hef líka heyrt annan viðburð svipaðan þessu
  - Það var um haustið, hálfum mánuði eftir göngur, fimm heldur en sex árum eftir það, að hann Einar heitinn stutari varð úti.
  - Það líður heldur ekki á löngu, að ofsaveður brestur á, svo fella má segl og leggja til drifs.
  - Það leið ekki á löngu, þangað til ég þekkti skipið skammt undan landi.
- (44) *Önnur dæmi frá seinni hluta 19. aldar:*
- Þá bar svo til, að það kom dúfa fljúgandi inn í salinn og settist á höfuð Fabians. (*Alman*)
  - Það sýnist svo, sem forsetinn hafi viljað véfengja það sem ég hef borið fyrir mig úr alþingis-tilskipuninni. (*JónSig*)
  - Það eru til margir þrætugjarnir menn, sem höfða mál út úr litlu efni (*JónSig*)
  - en þegar að á að herða, þá finnst mér eins og ég ætti að stíga í stól, að það komi kökkur fyrir brjóstið á mér, og ég þurfi eitthvað að hressa mig á (*JónSig*)
  - Það eru jafnvel dæmi til þess, að fjöggra ára gömul börn hafi verið brennd fyrir galdur. (*Galdur*)
  - Það var ekki heldur að búast við því. (*Galdur*)
  - Það var þá hálshöggvin kona fyrir fjölkyngi. (*Galdur*)
  - En mér fannst, meðan ég átti heima þar í sókninni 1840-1844, að það mætti þó eitthvað gera (*PálMel*)
  - En það var einhver innri rödd sem knúði mig áfram. (*PálMel*)
  - Það var margt á þingi, sem ekki var að mínu skapi. (*PálMel*)
  - Það var snjócoma mikil og ófærð (*PálMel*)
  - Þegiðu, það skriplaði á skötu. (*Sagnkv*)
  - Strax þegar fólkið var háttað, skall á ofsaveður, svo það brakaði í hverju tré, og var eins og allt ætlaði ofan að ganga. (*Sagnkv*)
  - Það er ekki svo langt þangað, að ég nái ekki háttum (*Sagnkv*)
  - Það varð að bera Eilíf í fjórum skautum heim (*ÞorGj*)
  - Það var svo sem engin meaning í því að tigla honum mikið þegar ekki var hægt að brúka hann. (*ÞorGj*)
  - Það er komin upp Sturlungaöld að nýju í landi voru (*TorfHólm*)
  - Það verða einatt Hálfðanarheimtur á þessum bréfum (*TorfHólm*)
  - Það var eins og hann hitti á óskastundina (*TorfHólm*)
  - Það gengu jafnvel sögur af því að hann hefði stundum barið þá sem leituðu hans svo að á þeim hefði séð. (*GestP*)
  - Það var mikill alvörusvipur á læknum (*GestP*)
- (45) Fallegast mál er að nota þetta aukafrumlag sem minst (Jakob Jóh. Smári 1920:19).



## Heimildir

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. Rightward Displacement of NPs in Icelandic. - Formal and Functional Characteristics. K. Ringgaard & V. Sørensen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 5:361-368.
- Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.) *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, s. 3-40. Academic Press, San Diego.
- Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.
- Falk, Cecilia. 1993. *Non-Referential Subjects in the History of Swedish*. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands 1989.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund. [Endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 1989. Syntaktiske endringer fra norrønt til moderne islandsk. Erindi flutt á MONS 3, Tromsø.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð 1987 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Kosmeijer, Wim. 1990. The Distribution of Það: An Argument against a Generalized COMP Analysis. Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.): *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, s. 182-193. Linguistic Institute, University of Iceland, Reykjavík.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. 1992. Það er nú það. Óprentuð BA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigurður H. Pálsson og Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. Íslensk setningalýsing – aðalsetningar. Óprentað handrit í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Webelhuth, Gert. 1984-85. German is Configurational. *The Linguistic Review* 4:203-246.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. 1995. *Setningafræðilegar breytingar á 19. öld; þróun þriggja málbreytinga*. MA-ritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorbjörg Hróarsdóttir og Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. Íslensk setningalýsing – aukasetningar. Óprentað handrit í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson  
Háskóla Íslands  
eirikur@hi.is